

# Harpa og hjarta

Hver er að hlusta? Hvers hjarta bifast?  
2. Konungabók kafli 3

## 2. Konungabók 3:1-5

1 Jóram Akabsson varð konungur Ísraels í Samaríu á átjándasta stjórnaári Jósafats Júdakonungs og ríkti tólf ár. 2 Hann gerði það sem illt var í augum Drottins, þó ekki eins og faðir hans og móðir því að hann fjarlægði minnisstein Baals sem faðir hans hafði látið gera. 3 En samt hélt hann áfram að drýgja þær syndir[ sem Jeróbóam Nebatsson hafði komið Ísrael til að drýgja og lét ekki af því.

4 Mesa, konungur í Móab, var fjáreigandi. Hann varð að greiða Ísraelskonungi hundrað þúsund lömb og ull af hundrað þúsund hrútum í skatt. 5 En eftir dauða Akabs gerði Móabskonungur uppreisn gegn Ísraelskonungi.

## 2. Konungabók 3:6-10

6 Jóram konungur hélt þegar í stað frá Samaríu og kvaddi allan Ísrael til vopna. 7 Því næst sendi hann Jósafat Júdakonungi þessi boð: „Konungur Móabs hefur gert uppreisn gegn mér. Vilt þú fara með mér í stríð við Móab?“ „Já,“ svaraði hann, „ég fer með þér, þjóð mín með þjóð þinni, hestar mínir með hestum þínum.“ 8 „Hvaða leið eigum við að fara?“ spurði hann einnig. „Leiðina gegnum eyðimörkina í Edóm,“ svaraði Jóram.

9 Ísraelskonungur, Júdakonungur og Edómskonungur héldu af stað. Þegar þeir höfðu farið sjö dagleiðir skorti vatn handa hernum og skepnunum sem þeir höfðu með sér. 10 Ísraelskonungur sagði: „Æ, Drottinn hefur vissulega kallað þessa þrjá konunga til þess að selja þá í hendur Móabs.“


## 2. Konungabók 3:11-14

11 Þá sagði Jósafat: „Er enginn spámaður Drottins hér sem við getum látið leita svara frá Drottni?“ Einn af hirðmönnum Ísraelskonungs svaraði: „Hér er Elísa Safatsson sem hefur hellt vatni yfir hendur Elía.“ 12 Jósafat sagði: „Orð Drottins er hjá honum.“ Ísraelskonungur, Jósafat og konungur Edóms gengu þá niður til hans. 13 En Elísa sagði við Ísraelskonung: „Hvað kemur þú mér við? Farðu til spámanna föður þíns og spámanna móður þinnar.“ Ísraelskonungur svaraði honum: „Nei, enda er það Drottinn sem hefur kallað þessa þrjá konunga út til þess að selja þá í hendur Móabs.“ 14 Þá sagði Elísa: „Svo sannarlega sem Drottinn hersveitanna lifir, sá er ég þjóna, liti ég ekki einu sinni á þig né virti þig viðlits væri það ekki vegna Jósafats Júdakonungs.“

## 2. Konungabók 3:15-20

15 En sækið nú hörpuleikara.“

Þegar hörpuleikarinn tók að leika kom hönd Drottins yfir Elísa 16 og hann sagði: „Svo segir Drottinn: Grafið gryfjur um allan þennan dal 17 því að svo segir Drottinn: Þið munuð hvorki sjá vind né regn en samt skal þessi dalur fyllast af vatni svo að þið getið drukkið ásamt her ykkar og skepnum. 18 En þetta eru smámunir í augum Drottins. Hann mun því einnig selja Móab ykkur í hendur. 19 Þið munuð vinna hvert virki og hverja mikilvæga borg, fella öll nytjatré og stífla allar uppsprettur og spilla með grjóti sérhverjum frjósömum landskika.“ 20 Morguninn eftir, þegar tími var kominn til að færa morgunfórni, flæddi skyndilega vatn frá Edóm og færði landsvæðið í kaf.



Harpa og hjarta



Akab

(reigned c. 874-853 BC)

Ahasía

Jóram

(reigned c. 853-852 BC) (reigned c. 852-841 BC)







Harpa og hjarta

